

Skýrsla sóknarnefndar Grafarvogssóknar

Starfsárið 2017-2018

Sóknarnefnd Grafarvogssóknar hefur fundað reglulega frá síðasta aðalfundi en hún hittist fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá september til júní. Tekið var hlé í júlí, ágúst 2017 og janúar 2018.

Á milli funda sóknarnefndar fundar framkvæmdanefnd, en í framkvæmdanefndinni starfa formaður sóknarnefndar, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, gjaldkeri, Valmundur I. Pálsson, ritari Ágúst Victorsson og sóknarprestur sr. Guðrún Karls Helgudóttir. Auk reglulegra funda fara fjölmargir tölvupóstar og símtöl milli nefndarmeðlima í viku hverri.

Í byrjun sumars 2017 fór Fræðslusetrið Rými til vaxtar, Evolvía að sýna áhuga á rýminu sem Borgarbókasafnið hafði leigt á árum áður en hefur staðið autt í nokkur ár. Á haustmánuðum tókust samningar um ótímabundna útleigu milli sóknarinnar og Evolvía og fluttu þau inn í vetrarbyrjun. Farið var í framkvæmdir á rýminu áður en þau fluttu inn, veggir og loft voru máluð, gólf bónuð, skipt um perur og milliveggir settir upp auk þess sem raflagnir voru yfirfarnar og ýmislegt smálegt lagfært. Starfsemi fræðslusetursins þykir henta vel með rekstri kirkjunnar.

Nýtt hljóðkerfi var keypt í kirkjuna sumarið 2017 og er almenn ánægja með hvernig til tókst en talað mál berst vel um kirkjuna.

Skipt var um útidyr, vestan megin á neðri hæð, en hún var orðin léleg en eftir að hún f auk upp í ofsaveðri var ekki hægt að loka henni aftur og ekkert annað að gera en að skipta um hurð og karma. Einnig gafst fánastöngin við kirkjuna upp í byrjun árs 2018 og var sett upp ný stöng.

Kirkjubyggingin er hefur blessunarlega verið nokkuð viðhaldsfrí frá því að lokið var við bygginguna. En nú er komið svo að fara þarf að huga að viðhaldi. Sumarið 2018 verður parkett á aðal- og neðri hæð kirkjunnar pússað upp og olíuborið. Vart hefur orðið við þakleka en þakdúkurinn er farinn að harðna og springa vegna aldurs. Gert verður við þakið á suðurenda kirkjunnar sumarið 2018 en norðurendann árið 2019. Suðurendinn er verr farinn og er nauðsynlegt að gera við þann enda sem fyrst áður en kirkjan verður fyrir skemmdum og kostnaður verður meiri.

Á næstu árum munum við án efa þurfa að huga að fleiri viðhaldsverkefnum í kirkjunni.

Orgelnefnd kirkjunnar hefur unnið ötullega að orgelmálum sl. ár. Hjá Scheifert hafa orðið miklar mannbreytingar sl. ár og lykilstarfsmenn í orgelsmíðinni horfið til annara orgelsmiða. Því hefur verið ákveðið að horfa í aðrar áttir og sjá hvort annað hljóðfæri henti okkur betur. Reiknum við með því að orgelnefndin muni kynna nýjar hugmyndir um orgel á haustmánuðum.

Fyrir hönd sóknarnefndar vil ég þakka prestum safnaðarins, organistum, æskulýðsfulltrúum og öðrum starfsmönnum og sjálfbóðaliðum Grafarvogssóknar samstarfið sl. ár og við hlökkum til samstarfsins á komandi starfsári.

Grafarvogur, 14. maí 2018

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir
formaður sóknarnefndar Grafarvogssafnaðar